


Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



**Umhverfisstofnun**  
Environment and Food Agency of Iceland

✉ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

✆ (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 2. apríl 2008  
Tilvísun: UST20080300113/bs

### Efnistaka úr Hólabrú í Hvalfjarðarsveit. Tillaga að matsáætlun.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 25. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun. Hér er um að ræða framhald efnistöku í námunni Hólabrú í landi Innra-Hólms í Hvalfjarðarsveit, en efnistaka hefur staðið þarna yfir síðasta áratuginn.

Umhverfisstofnun telur helstu vandamál varðandi efnistöku á þessum stað snúi annars vegar að aðlögun námusvæðisins að landi og hins vegar nálægð námunnar við Hringveg 1 og meðfylgjandi sjónræn áhrif. Einnig áhrif á vegfarendur vegna ryks og umferðaröryggis sérstaklega ef ráðist verður í efnistöku beggja megin vegarins. Kanna ætti hvort svipaðar aðstæður og þær sem voru við námu Steypustöðvarinnar í Kollafirði gætu skapast við Hólabrú.

Í tillögu að matsáætlun kemur ekki fram hvort í áhrifasvæði felist það svæði sem raska verður til að móta ásættanlega fláa við jaðra námunnar. Ekki kemur fram hversu brattir fláar verða að frágangi loknum, né hvort fyrirhugað sé að græða upp námusvæðið að efnistöku lokinni. Þá kemur ekki fram hvort ráðist verði í frágang á hluta námunnar til að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum efnistökunnar á framkvæmdatíma.

Ekki kemur nægjanlega skýrt fram munur valkosta 1 og 2. Báðir virðast fela í sér sambærilega efnistöku á nánast sama svæði. Umhverfisstofnun telur að skoða eigi valkost sem felur í sér að efnistaka verði einungis ofan vegar.

UST

Umhverfisstofnun vill benda á að stofnunin hefur gefið umsögn um nýtingu umræddrar námu til haugsetningar vegna nýrra Hvalfjarðarganga. Stofnunin telur að fjalla verði um hvernig það samræmist áformum um haugsetningu í námunni að gera þar jafnframt ráð fyrir efnistöku allt að 2.000.000 m<sup>3</sup> og hvort efnistakan muni útiloka eða takmarka haugsetningu í námunni.

Virðingarfyllst  
Björn Stefansson  
Björn Stefansson

Hjalti Guðmundsson  
Hjalti J Guðmundsson